Nr. 16.
21.
sept.

Lög

um

breyting á 1. grein, 2. lið í tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa 25. júní 1869.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Til þess að skip, sem er eign hlutafjelags, geti með skrásetning á Íslandi öðlazt rjett til að hafa danskt flagg, verður hlutafjelagið að vera háð íslenzkum eða dönskum lögum. Auk þess verður stjórn þess að hafa aðsetur á Íslandi eða í Danmörku, og vera skipuð fjelagsmönnum, er fullnægi skilyrðum þeim, er sett eru í tilskipun 25. júní 1869 1. grein, 1. lið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 21. september 1883.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Lov

Nr. 16.
21de
Septbr.

om

Forandring i § 1, 2det Punktum i Forordning for Island 25de Juni 1869 angaaende Skibes Registrering.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

For at et Skib, der tilhører et Aktieselskab, ved Registrering i Island kan opnaa Ret til at føre dansk Flag, skal Aktieselskabet være undergivet de islandske eller danske Love, hvorhos dets Bestyrelse skal have Sæde i Island eller Danmark og bestaa af Aktionærer, som opfylde de i Forordningen 25de Juni 1869 § 1, 1ste Punktum opstillede Betingelser.

Hvoreſter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 21de September 1883.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.